



Kópavogsbær  
Digranesvegi 1  
200 Kópavogi

Reykjavík, 2. september 2024  
USK24080042

Hér með sendist útskrift úr fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 29.8.2024 varðandi eftirfarandi mál:

### **Kópavogur - Göngu- og hjólastígar um Ásbraut - Tillaga að nýju deiliskipulagi**

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. ágúst 2024 var lögð fram umsagnarbeiðni Kópavogsbæjar, dags. 19. júlí 2024, þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa um skipulagslýsingu vegna tillögu að nýju deiliskipulagi Ásbrautar í Kópavogi. Skipulagssvæðið nær yfir fjölbýlishúsalóðir 3-21 og göturými við Ásbraut. Markmið með deiliskipulagsvinnunni að endurhanna göturými Ásbrautar til að bæta stígakerfi og tryggja með samræmdum hætti örugga og greiða umferð gangandi og hjólandi vegfarenda í samræmi við aðalskipulag Kópavogsbæjar, samkvæmt lýsingu, dags. 12. júlí 2024. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 29. ágúst 2024.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 29. ágúst 2024, samþykkt.

F.h. skipulagsfulltrúa  
Helena Stefánsdóttir

Fylgiskjal: Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 29. ágúst 2024.



**Reykjavík**



# Reykjavík

Reykjavík, 29. ágúst 2024

USK24080042

## Kópavogur – Skipulagslýsing - Nýtt deiliskipulag Ásbrautar

**Viðtakandi:** Kópavogsbær

**Sendandi:** Skrifstofa skipulagsfulltrúa

### Umsögn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. ágúst 2024 var lögð fram umsagnarbeiðni Kópavogsbæjar, dags. 19. júlí 2024, þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa um skipulagslýsingu vegna tillögu að nýju deiliskipulagi Ásbrautar í Kópavogi. Skipulagssvæðið nær yfir fjölbýlishúsalóðir 3-21 og göturými við Ásbraut. Markmið með deiliskipulagsvinnunni að endurhanna göturými Ásbrautar til að bæta stígakerfi og tryggja með samræmdum hætti örugga og greiða umferð gangandi og hjólandi vegfarenda í samræmi við aðalskipulag Kópavogsbæjar, samkvæmt lýsingu, dags. 12. júlí 2024.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við skipulagslýsinguna. Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur fagnar stígtengingunni, enda er hún hluti af stofnleið hjóltreidda á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,  
Hrönn Valdimarsdóttir  
Umhverfis- og skipulagssvið  
Skrifstofa skipulagsfulltrúa